

Sæll Kristófer.

Eins og þér er kunnugt hafa á síðustu árum staðið yfir endurbætur á gamla íbúðarhúsinu á Stóra – Núpi.

Húsið var friðað árið 2014 og hefur Minjastofnun veitt styrki til verksins frá þeim tíma en húsið er talið hafa hátt varðveislugildi.

Þá hafa heimamenn lagt verulega fjármuni og vinnu í verkið en eigendur bera ábyrgð á að húsið verði ekki fyrir skemmdum vegna vanrækslu.

Þó mikið hafi áunnist er enn mikið verk óunnið og margir kostnaðarsamir liðir eru framundan sem eftir er að fjármagna.

Með hliðsjón af framansögðu óska ég eftir því fyrir hönd forráðamanna norðurhluta hússins að Skeiða og Gnúpverjahreppur veiti okkur styrk í þetta verkefni á næsta ári, enda fordæmi fyrir að sveitarfélög komi að svona málun

Ef einhverjir hafa hug á að kynna sér málið frekar vil ég benda á Facebook síðuna „Gamli bærinn-Stóra-Núpi“ og/eða hafa samband við heimamenn sem veita munu frekari upplýsingar.

Sæll Kristófer.

Eins og þér er kunnugt hafa á síðustu árum staðið yfir endurbætur á gamla íbúðarhúsinu á Stóra – Núpi.

Húsið var friðað árið 2014 og hefur Minjastofnun veitt styrki til verksins frá þeim tíma en húsið er talið hafa hátt varðveislugildi.

Þá hafa heimamenn lagt verulega fjármuni og vinnu í verkið en eigendur bera ábyrgð á að húsið verði ekki fyrir skemmdum vegna vanrækslu.

Þó mikið hafi áunnist er enn mikið verk óunnið og margir kostnaðarsamir liðir eru framundan sem eftir er að fjármagna.

Með hliðsjón af framansögðu óska ég eftir því fyrir hönd forráðamanna norðurhluta hússins að Skeiða og Gnúpverjahreppur veiti okkur styrk í þetta verkefni á næsta ári, enda fordæmi fyrir að sveitarfélög komi að svona málun

Ef einhverjir hafa hug á að kynna sér málið frekar vil ég benda á Facebook síðuna „Gamli bærinn-Stóra-Núpi“ og/eða hafa samband við heimamenn sem veita munu frekari upplýsinga